



## STEFNUSKRÁ BANDALAGS KVENNA Í REYKJAVÍK

### Hlutverk

Bandalag kvenna í Reykjavík (BKR) hefur frá upphafi verið öflugt félag með bætta stöðu kvenna og uppbyggingu samfélagslegrar þjónustu að leiðarljósi, með áherslu á mennta-, fjölskyldu- og velferðarmál. BKR og aðildarfélögin hafa ætíð haft frumkvæði að því að bera kennsl á samfélagsleg málefni sem þarfnast nánari skoðunar og leitað nýrra leiða til þess að mæta þörfum samfélagsins. BKR hefur ávallt byggt á kraftinum sem felst í áræðni, virku tengslaneti og vilja kvenna til góðra verka.

Markmið BKR er að stuðla að jafnræði til náms óháð efnahagslegri og félagslegri stöðu, vinna að jafnréttis-, velferðar- og fjölskyldumálum og hvetja til opinberrar umræðu á þeim sviðum, sem og að standa fyrir menningar- og fræðslustarfsemi.

Aðild að bandalaginu eiga félög kvenna, sem og blönduð félög karla og kvenna, er starfa að markmiðum þess á höfuðborgarsvæðinu.

### Framtíðarsýn


BKR verði einn helsti vettvangur framsækkinnar umræðu um málefni sem tengjast konum og börnum, þar sem ólík félög á höfuðborgarsvæðinu eigi samstarf og beini í sameiningu sjónum að þörf fyrir breytingar og knýi á um framkvæmd verkefna í þágu jafnréttis-, velferðar-, fjölskyldu-, mannúðar- og menntamála. BKR leggi áherslu á kynningu og samstarf aðildarfélaganna og umræðu um þá málaflokka sem falla undir áherslusvið bandalagsins, m.a. með opnum fundum og veitingu rannsóknarstyrkja.

BKR sinni hagsmunagæslu fyrir félagasamtök og styðji við starfsemi aðildarfélaganna með námskeiðahaldi og ráðgjöf. BKR leggi sömuleiðis áherslu á samstarf við önnur frjálsl félagasamtök, fagfélög, atvinnulífið og opinbera stjórnarsýslu á áherslusviðum bandalagsins.

## Áherslusvið

Áherslusvið BKR mótast af þeim félögum sem starfa innan bandalagsins. Sérþekking innan félagsins liggur því í málefnum sem tengjast konum og börnum.

Eftirtalin málefni eru stefnumál BKR:



Stuðningur við rannsóknir á áherslusviðum BKR er mikilvægur til þess að beina sjónum að málefnum sem fengið hafa takmarkaða athygli og þar sem vinna þarf að úrbótum.

## Framkvæmdaáætlun

Stjórn BKR gerir framkvæmdaáætlun til tveggja ára í senn í samræmi við stefnu bandalagsins. Þessi framkvæmdaáætlun skal endurskoðuð árlega.

Stefna BKR skal vera í stöðugri þróun og endurskoðun.

Samþykkt á 98. þingi Bandalags kvenna í Reykjavík  
8. mars 2014